

## Reglur um bifreiðanotkun

### 1.gr.

Skrifstofa Skaftárhrepps hefur yfirumsjón með bifreiðaeign sveitarfélagsins eftir því sem nánar segir í reglum þessum. Kaup eða rekstrarleiga á bifreiðum skal eiga sér stað að fengnu samþykki sveitarstjóra.

### 2.gr.

Reglur um bifreiðanotkun á Skaftárhrepps gilda um bifreiðar í eigu og umsjón sveitarfélagsins að undanskildum bifreiðum Slökkviliðs Skaftárhrepps.

### 3.gr.

Skaftárhreppur kaupir bifreiðar eða tekur á rekstrarleigu, til að sinna verkefnum stofnana sveitarfélagsins. Slíkar bifreiðar skulu greinilega merktar Skaftárhreppi. Að loknum starfsdegi skulu bifreiðar Skaftárhrepps skildar eftir við starfsstöð.

### 4.gr.

Starfsmanni er heimilt að staðsetja bifreið við heimili sitt ef um er að ræða kvöð vegna starfs. Kvöðin þarf að vera skilgreind og er heimild veitt af yfirmanni.

Kvaðir sem skuldbinda starfsmann þurfa að falla undir ákvæði skattalaga og reglugerða vegna meðferðar á hlunnindum og ber að haga skattalegri meðferð eftir reglum Skattsins.

### 5.gr.

Starfsmanni er ekki heimilt að nýta bifreiðar til einkanota. Yfirmaður getur heimilað takmörkuð einkanot bifreiða og slík not þurfa að vera málefnaleg og í undantekningartilvikum. Skaftárhreppur er dreift sveitarfélag sem getur leitt af sér tilfallandi notkun bifreiða á leið að og frá vinnustað.

### 6.gr.

Bifreið sem starfsmaður hefur til afnota vegna starfs síns er á hans ábyrgð og ber honum að gæta að viðhaldi og umhirðu hans. Ber starfsmanni að fylgja leiðbeiningum um viðhald og umhirðu og skrá rekstrarkostnað. Bifreiðar sveitarfélagsins ber að nýta vel og í því sambandi að samnýta þær til ferða.

### 7.gr.

Neysla tóbaks, áfengis og annara vímuefna er með öllu óheimil í bifreiðum sveitarfélagsins. Gæludýr eru óheimil í bifreiðum sveitarfélagsins.

### 8.gr.

Stjórnandi hefur heimild til að breyta skipulagi á nýtingu bifreiða og afnotum starfsmanna að bifreiðum án fyrirvara. Sé brotið gegn reglunum falla heimildir fyrir bifreiðanotkun niður.

*Samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps á 491. fundi, þann 26. apríl 2023.*

